



BYGGÐASTOFNUN

Dreifing sauðfjár á Íslandi



Þróunarsvið Byggðastofnunar

Einar Örn Hreinsson & Sigurður Árnason

Júlí 2016

Inngangur

Í febrúar 2016 undirrituðu ráðherrar landbúnaðar- og fjármála nýja búvörusamninga við bændur um starfsskilyrði við framleiðslu grænmetis, kindakjöts og nautgripaafurða. Samkvæmt frétt á vef atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins er samningnum ætlað „að skapa landbúnaðinum ramma til að auka verðmætasköpun og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins í þágu bænda, neytenda og samfélagsins alls. Sú uppbygging þarf að fara fram á grundvelli sérstöðu, sjálfbærni og fjölbreytni. Í því skyni eru í samningnum ný verkefni sem ætlað er að treysta stoðir landbúnaðarins og ýta undir framþróun, nýsköpun og byggðafestu¹. „

Í áttundu grein samnings ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands frá 19. febrúar 2016 um starfsskilyrði sauðfjárræktar er kveðið á um að greiddur verði sérstakur svæðisbundinn stuðningur á samningstímanum til framleiðenda á ákveðnum landssvæðum sem háðust eru sauðfjárrækt. Þá segir að aðilar séu sammála um að leita til Byggðastofnunar um að gera tillögu um skilgreiningu á þeim svæðum sem eigi kost á slíkum stuðningi. Stofnunin geri einnig tillögu um hvernig útteilingu skuli háttað². Formlegt erindi þess efnis barst stofnuninni frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu í mars sl.

Vegna þessa þurfti stofnunin að leggja í allnokkra greiningarvinnu sem snéri að staðsetningu, fjölda og stærð sauðfjárbúa á landinu. Stofnunin leitaði upplýsinga frá Landmælingum Íslands, Matvælastofnun, Þjóðskrá, Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Landssamtökum sauðfjárbænda. Í öllum tilfellum fengust gögn greiðlega frá þessum aðilum og ber að þakka það sérstaklega.

Þar sem þessi gögn liggja fyrir þótti rétt að taka saman helstu niðurstöður í formi tafla og mynda og birta opinberlega.

Gögn um fjölda sauðfjár miðast við vetrarfóðraðar kindur samkvæmt haustskýrslum bænda og frístundabænda til Matvælastofnunar frá nóvember 2015. Með fjölda kinda er hér átt við samtölu fyrir fjölda áa, hrúta, sauða, lambhrúta, geldinga og lambgimbra.

Fjöldi sauðfjárbúa samkvæmt þessum gögnum er 2.498 og þar af eru 2.187 lögbýli samkvæmt lögbýlaskrá Þjóðskrár. Staðsetningarhnit sauðfjárbúanna eru flest fengin frá Þjóðskrá en 303 staðsetningarhnit þurfti að áætla út frá heimilisfangi og gögnum um vegakerfi sem kemur frá Landmælingum Íslands.


¹ Vefur atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/sjavarutvegs-og-landbunadarmal/frettir/sokn-i-landbunadi-nyir-buvorusamningar>

² Vefur atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis, <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Saudfe.pdf>

Dreifing sauðfjábúa eftir stærð og landshlutum


Af 2.498 sauðfjábúum í landinu voru 108 bú með fleiri en 600 kindur eða 4,3% búanna. Flest þeirra voru á Norðurlandi vestra eða 35 og næst flest á Vesturlandi 25. Samtals voru 284 bú með 400-599 kindur eða 11,4%. Flest þeirra voru á Norðurlandi vestra eða 75, þar á eftir komu Austurland með 51, Vesturland 49, Norðurland eystra 45 og Suðurland 43. Þegar litið er til þeirra búa sem eru með 200-399 kindur að voru það 519 framleiðendur eða 20,8%. Flestir þeirra voru á Suðurlandi eða 131 og næst flestir á Norðurlandi vestra eða 116. Þeir aðilar sem voru með færri en 200 kindur voru 1.587 eða 63,5% sauðfjábúa.

Mynd 1. Fjöldi sauðfjábúa eftir landssvæðum og stærð búa



Ef horft er til fjölda sauðfjár eftir landssvæðum og stærð búa kemur í ljós að 17,4% alls sauðfjár er á búum með 600 kindur eða fleiri, 29,3% er á búum sem halda 400-599 kindur. Samtals er því tæpur helmingur sauðfjár á búum með fleira en 400 fjár.

Mynd 2. Fjöldi sauðfjár eftir landssvæðum og stærð búa



Töflur og kort

Tafla 1. Fjöldi sauðfjárbúa eftir stærð og sveitarfélögum nóvember 2015

Sveitarfélag	1-199	200-399	400 - 599	600+	Samtals
Reykjavíkurborg	14	0	0	0	14
Kópavogsbær	3	0	0	0	3
Seltjarnarneskaupstaður	0	0	0	0	0
Garðabær	4	0	0	0	4
Hafnarfjarðarkaupstaður	2	0	0	0	2
Mosfellsbær	7	0	0	0	7
Kjósarhreppur	17	2	1	0	20
Reykjanesbær	4	0	0	0	4
Grindavíkurbær	17	0	0	0	17
Sandgerðisbær	3	0	0	0	3
Sveitarfélagið Garður	4	0	0	0	4
Sveitarfélagið Vogar	2	0	0	0	2
Akraneskaupstaður	11	0	0	0	11
Skorradalshreppur	4	2	0	0	6
Hvalfjarðarsveit	32	6	4	2	44
Borgarbyggð	125	33	20	9	187
Grundarfjarðarbær	14	3	0	0	17
Helgafellssveit	12	1	1	0	14
Stykkishólmsbær	23	0	0	0	23
Eyja- og Miklaholtshreppur	10	1	2	0	13
Snæfellsbær	32	4	2	0	38
Dalabyggð	45	17	20	14	96
Bolungarvíkurkaupstaður	16	1	0	0	17
Ísafjarðarbær	29	8	4	2	43
Reykhólahreppur	10	12	7	2	31
Tálknafjarðarhreppur	1	0	0	0	1
Vesturbyggð	12	5	1	3	21
Súðavíkurhreppur	11	3	0	0	14
Árneshreppur	2	8	1	0	11
Kaldrananeshreppur	2	3	1	0	6
Strandabyggð	12	15	6	1	34
Sveitarfélagið Skagafjörður	118	43	16	7	184
Húnaþing vestra	32	33	31	12	108
Blönduósbær	6	6	1	1	14
Sveitarfélagið Skagaströnd	2	0	0	0	2
Skagabyggð	9	8	3	2	22
Húnavatnshreppur	30	22	20	10	82
Akrahreppur	19	4	4	3	30
Akureyrarkaupstaður	8	0	0	0	8
Norðurþing	27	12	13	7	59
Fjallabyggð	26	2	0	0	28
Dalvíkurbyggð	27	7	1	0	35
Eyjafjarðarsveit	59	7	1	1	68
Hörgársveit	51	9	3	0	63
Svalbarðsstrandarhreppur	9	0	0	0	9
Grýtubakkahreppur	4	1	4	2	11
Skútustaðahreppur	24	6	1	0	31
Tjörneshreppur	6	2	1	0	9
Þingeyjarsveit	62	27	9	1	99
Svalbarðshreppur	4	4	7	3	18

Langanesbyggð	7	2	5	2	16
Seyðisfjarðarkaupstaður	3	0	2	0	5
Fjarðabyggð	19	7	4	0	30
Vopnafjarðarhreppur	14	8	8	0	30
Fljótshreppur	2	6	6	1	15
Borgarfjarðarhreppur	7	3	3	0	13
Breiðdalshreppur	6	6	1	2	15
Djúpavogshreppur	10	5	6	0	21
Fljótshérað	40	34	21	8	103
Sveitarfélagið Hornafjörður	34	14	15	4	67
Vestmannaeyjabær	8	0	0	0	8
Sveitarfélagið Árborg	39	0	0	0	39
Mýrdalshreppur	25	6	2	1	34
Skafthreppur	22	24	12	2	60
Ásahreppur	22	3	1	0	26
Rangárþing eystra	102	24	4	2	132
Rangárþing ytra	66	20	3	1	90
Hrunamannahreppur	19	10	1	0	30
Hveragerðisbær	1	0	0	0	1
Sveitarfélagið Ölfus	23	3	0	0	26
Grímsnes- og Grafningshreppur	7	9	0	0	16
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	33	7	2	0	42
Bláskógabyggð	23	7	2	3	35
Flóahreppur	52	4	1	0	57
Samtals	1.587	519	284	108	2.498


Tafla 2. Fjöldi sauðfjár eftir stærð bóa og sveitarfélögum nóvember 2015

Sveitarfélag	1-199	200-399	400 - 599	600+	Samtals
Reykjavíkurborg	315	0	0	0	315
Kópavogsbær	75	0	0	0	75
Seltjarnarneskaupstaður	0	0	0	0	0
Garðabær	63	0	0	0	63
Hafnarfjarðarkaupstaður	9	0	0	0	9
Mosfellsbær	229	0	0	0	229
Kjósarhreppur	1.079	522	508	0	2.109
Reykjanesbær	92	0	0	0	92
Grindavíkurbær	538	0	0	0	538
Sandgerðisbær	67	0	0	0	67
Sveitarfélagið Garður	101	0	0	0	101
Sveitarfélagið Vogar	47	0	0	0	47
Akraneskaupstaður	259	0	0	0	259
Skorradalshreppur	366	490	0	0	856
Hvalfjarðarsveit	1.461	1.869	1.737	1.523	6.590
Borgarbyggð	8.763	9.288	9.546	6.505	34.102
Grundarfjarðarbær	865	722	0	0	1.587
Helgafellssveit	670	391	521	0	1.582
Stykkishólmsbær	682	0	0	0	682
Eyja- og Miklaholtshreppur	732	326	1.082	0	2.140
Snæfellsbær	1.054	1.033	958	0	3.045
Dalabyggð	2.651	5.053	10.100	11.211	29.015
Bolungarvíkurkaupstaður	603	273	0	0	876
Ísafjarðarbær	1.459	2.394	2.025	1.458	7.336

Reykhólahreppur	510	3.780	3.271	1.452	9.013
Tálknafjarðarhreppur	99	0	0	0	99
Vesturbyggð	864	1.372	429	2.435	5.100
Súðavíkurbhreppur	569	974	0	0	1.543
Árneshreppur	143	2.047	428	0	2.618
Kaldrananeshreppur	28	861	413	0	1.302
Strandabyggð	899	5.044	2.739	636	9.318
Sveitarfélagið Skagafjörður	9.337	12.934	7.431	4.921	34.623
Húnaþing vestra	3.075	9.824	15.706	9.111	37.716
Blönduósþéttbær	347	1.774	538	679	3.338
Sveitarfélagið Skagaströnd	102	0	0	0	102
Skagabyggð	702	2.509	1.560	1.510	6.281
Húnavatnshreppur	2.547	7.096	10.183	8.719	28.545
Akrahreppur	1.424	1.386	2.058	2.312	7.180
Akureyrarkaupstaður	263	0	0	0	263
Norðurþing	1.415	3.871	6.557	4.766	16.609
Fjallabyggð	667	467	0	0	1.134
Dalvíkurbyggð	2.239	1.847	429	0	4.515
Eyjafjarðarsveit	3.002	1.752	523	775	6.052
Hörgársveit	3.440	2.515	1.399	0	7.354
Svalbarðsstrandarhreppur	646	0	0	0	646
Grýtubakkahreppur	148	275	2.032	1.416	3.871
Skútustaðahreppur	2.175	1.766	525	0	4.466
Tjörneshreppur	664	725	461	0	1.850
Þingeyjarsveit	5.394	7.545	4.196	663	17.798
Svalbarðshreppur	446	1.244	3.390	2.456	7.536
Langanesbyggð	358	722	2.351	1.665	5.096
Seyðisfjarðarkaupstaður	218	0	826	0	1.044
Fjarðabyggð	906	1.748	2.008	0	4.662
Vopnafjarðarhreppur	1.006	2.083	3.641	0	6.730
Fljótsdalshreppur	79	1.886	2.887	615	5.467
Borgarfjarðarhreppur	654	1.088	1.384	0	3.126
Breiðdalshreppur	759	1.551	502	1.641	4.453
Djúpavogshreppur	618	1.373	3.121	0	5.112
Fljótsdalshérað	3.077	9.582	10.109	5.084	27.852
Sveitarfélagið Hornafjörður	1.553	4.466	7.577	3.569	17.165
Vestmannaeyjabær	267	0	0	0	267
Sveitarfélagið Árborg	1.506	0	0	0	1.506
Mýrdalshreppur	1.789	1.723	825	653	4.990
Skaftárhreppur	2.033	7.182	5.644	1.605	16.464
Ásahreppur	998	1.057	572	0	2.627
Rangárþing eystra	6.427	6.283	1.757	1.443	15.910
Rangárþing ytra	4.596	5.798	1.277	1.127	12.798
Hrunamannahreppur	1.064	2.695	461	0	4.220
Hveragerðisþéttbær	32	0	0	0	32
Sveitarfélagið Ölfus	943	786	0	0	1.729
Grímsnes- og Grafningshreppur	401	2.713	0	0	3.114
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	2.214	1.713	902	0	4.829
Bláskógabyggð	1.533	1.998	887	1.929	6.347
Flóahreppur	2.929	1.177	445	0	4.551
Samtals	99.285	151.593	137.921	81.879	470.678


Mynd 3.

Sauðfjársláturhús og sauðfjárnú
á Íslandi í lok árs 2015




Mynd 4.

Sauðfjárnú á Íslandi með fjölda sauðfjár
undir 200 í lok árs 2015




Mynd 5.

Sauðfjorbú á Íslandi með fjölda sauðfjár
frá 200 til 399 í lok árs 2015




Mynd 6.

Sauðfjorbú á Íslandi með fjölda sauðfjár
frá 400 til 599 í lok árs 2015




Mynd 7.

Sauðfjárbú á Íslandi með fjölda sauðfjár
frá 600 og yfir í lok árs 2015



Mynd 8.

Bú með sauðfé og nautgripi
á Íslandi í lok árs 2015



Mynd 9.

Bú með sauðfé og án nautgripa
á Íslandi í lok árs 2015

